

Jól á Íslandi

Desember – Aðventa

Þegar aðventan hefst í byrjun desember förum við að undirbúa jólin.

Margir setja jólaskraut út í glugga og skreyta húsin sín. Aðrir baka smákökur og við kaupum rauð kerti. Margar fjölskyldur eiga aðventukrans með fjórum kertum eða eiga kerti þar sem hægt er að telja hvað margir dagar eru til jóla.

Sumir krakkar setja skóinn sinn út í glugga. Þá kemur jólasveinninn og setur kannski mandarínu eða súkkulaði í skóinn.




Í desember steikja margir laufabrauð. Brauðið er mjög þunnt, af því að í gamla daga var lítið hveiti til á Íslandi og það þurfti að spara það. En allir reyndu að gera brauðið sitt fallegt og þess vegna var skorið í það mynstur. Það er gott að borða laufabrauð með smjöri og hangikjöti.

Margir hafa lifandi jólatré inni í stofu á jólnum. Sumir fara út í skóg og velja sér jólatré eða fara og kaupa sér lifandi tré í gróðrarstöð. Aðrir eru ekki með lifandi tré, heldur hafa alltaf sama tréð sem er sett inn í geymslu þegar jólin eru búin.

Orðaskýringar:

íslenska	enska	móðurmál mitt
jólaskraut		
smákökur		
krans		
spara		
mynstur		
geymsla		



Þorláksmessa er 23. desember. Margir hafa mikið að gera þann dag. Sumir eru að gera hreint og laga til heima eða eru í eldhúsinu að búa til ís eða eitthvað annað gott. Aðrir fara í bæinn til að kaupa jólagjafir og fara kannski á kaffihús. Það er gott að fá heitt kakó með rjóma þegar það er kalt úti.

Margir skreyta jólatréð á Þorláksmessu en aðrir eru búnir að því fyrr. Á aðfangadag eru jólapakkarnir settir við jólatréð.



Orðaskýringar:

íslenska	enska	móðurmál mitt
Að gera hreint		
Að skreyta		



Aðfangadagur er 24. desember. Margir vakna snemma og það er í mörgu að snúast þennan dag. Eftir hádegismat fara margir og keyra með jólapakka til fjölskyldu og vina. Nú er allt orðið skreytt og fallett og í eldhúsinu er fjölskyldan að undirbúa jólamatinn.

Klukkan 18:00 hringja kirkjuklukkan um allt land. Kirkjuklukkan hringir líka í útvarpinu. Þá byrja jólin. Sumir fara í kirkju á aðfangadag, annað hvort klukkan 18:00 eða klukkan 23:30.



Jólamaturinn er borðaður eftir að klukkurnar hafa hringt. Flestir borða kjöt, annað hvort lambakjöt, svínakjöt eða eitthvað annað gott. Í eftirrétt er stundum jólagrautur með hrísgrjónum. Margir fela möndlu í grautnum og sá sem er svo heppinn að fá möndluna fær möndlugjöf.

Þegar búið er að ganga frá eftir kvöldmatinn fara allir inn í stofu. Nú á að taka upp jólapakkana. Oft er það einn sem velur jólapakka sem liggur undir trénu og les á merkispjaldið. Allir fylgjast með þegar pakinn er opnaður og skoða jólagjöfina.



Orðaskýringar:

íslenska	enska	móðurmál mitt
Það er í mörgu að snúast		
undirbúa		
eftirréttur		
merkispjald		

Jóladagur 25. desember

Flestir hafa það mjög rólegt á jóladag. Margir vilja vera í náttfötunum allan daginn en aðrir fara og heimsækja fjölskylduna. Bæði börn og fullorðnir fá oft bók í jólagjöf og vilja vera heima og lesa.



Áramótin

Gamlársdagur er síðasti dagur ársins, 31. desember. Þá koma fjölskyldur og vinir oft saman og þakka fyrir gamla árið og fagna nýja árinu. Á mörgum stöðum á landinu er kveikt í brennum og fjölskyldur fara og horfa á. Um áramótin eru bæði tröll og álfar á ferðinni. Fyrsti dagur á nýju ári heitir **nýársdagur**. Síðasti dagur jólanna er svo 6. janúar.



Orðaskýringar:

íslenska	enska	móðurmál mitt
fagna		
brenna		
tröll		
álfar		




Grýla, Leppalúði og jólakötturinn

Grýla og Leppalúði eru tröll og bæði stór og ljót. Þau eiga heima í helli, langt uppi í fjöllum með sonum sínum sem eru jólasveinarnir. Áður fyrr var börnum sagt að Grýla kæmi og tæki þau í pokann sinn ef þau væru óþæg.

Þau Grýla og Leppalúði eiga kött sem er kallaður jólaköttur. Hann er stór, svartur og grimmur. Ef börn fengu engin ný föt fyrir jólin var sagt að þau færu í jólaköttinn. Þá kom kötturinn svarti og náði í þau. Allir voru hræddir við jólaköttinn.

íslenska	enska	Móðurmál mitt
tröll		
hellir		
grimmur		



Jólasveinarnir

Jólasveinarnir eru þrettán. Þeir voru stríðnir og stundum stálu þeir því sem þá langaði í. Núna eru þeir orðnir svo gamlir að þeir eru nærri því hættir að stríða. Stundum gefa þeir meira að segja krökkum í skóinn. Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða að morgni 12. desember. Það er Stekkjastaur. Sá síðasti kemur til byggða á aðfangadag, 24. desember og það er Kertasníkir. Svo fara þeir aftur til baka upp í hellinn sinn, einn og einn í einu. Fyrstur fer Stekkjastaur þann 25. desember og síðastur fer Kertasníkir síðasta dag jólanna, 6. janúar.

íslenska	enska	Móðurmál mitt
stríða		
stela		

Jól í landinu mínu

Á íslensku segjum við **gleðileg jól** en á móðurmáli mínu segjum við

Svona eru jólin í landinu mínu:

Joyeux Noël et bonne Année ! (franska)

Prīecīgus Ziemassvētkus un Laīmīgu Jauno gadu! (lettneska)

Wesołych Świąt i Szczęśliwego Nowego Roku! (pólska)

Fröhliche Weihnachten und ein Glückliches Neues Jahr! (þýska)

Pozdrevlyayu s prazdnikom Rozhdestva is Novim Godom!
(rússneska)

Eitthvað fleira um jólin...